

Fagráð í hrossarækt

71. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg mánudagur 13. apríl 2015 kl. 13:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Elvar Einarsson, Vignir Siggeirsson, Baldvin Ari Guðlaugsson, Sveinn Ragnarsson og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir hafði tilkynnt fjarveru. Þorleifur Sigfússon var gestur fundarins.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Sýningaráætlun 2015 – Nýjar reglur á kynbótasýningum.
3. Heilbrigðisskoðanir á kynbótasýningum.
4. Framhald skráningar á búnaði á kynbótasýningum.
5. Gæðastýring í hrossarækt – framtíð þess.
6. Útflutningur á sæði.
7. Skipan fagráðs - nýir fulltrúar og breytt fyrirkomulag.
8. Kynbótamatið – mögulegar breytingar.
9. Aðkoma kynbótahrossa að landsmóti 2016.
10. Upplýsingagjöf á kynbótasýningum.
11. Önnur mál.

Formaður Fagráðs setur fundinn og býður Svein Ragnarsson velkominn á sinn fyrsta fagráðsfund en hann er fulltrúi Landbúnaðarháskólanna.

Þorleifur Sigfússon dýralæknir var gestur fundarins og ræddi hann um tannhirðu hrossa og beislabúnað. Hann hefur fengist við tannhirðu hrossa undanfarin ár og lagði áherslu á aukið eftirlit með tannheilsu hrossa og viðbrögðum fagfólks. Um þetta spunnust umræður á fundinum. Nýjar reglur um bann við notkun á skáreim/krossmúl við stangir voru ræddar í framhaldi af þessu og að jafnvel þurfi að fylgjast almennt með herslu múla á kynbótasýningum og setja ákveðin viðmið hvað hersluna varðar.

1. Farið var yfir sýningaráætlun fyrir sumarið 2015 en fagráð var búið að samþykkja hana. Nýjar reglur í kynbótasýningum voru ræddar. Nú verður þess krafist að úr öllum hryssum sem mæta til kynbótadóms þurfi að vera búið að taka DNA-sýni og staðfesting á því liggi fyrir í WF. Þá taka nýjar járnngareglur gildi fyrir sumarið 2015. Í ár verður heimilt að nota öll mál, nema mál með tunguboga og vogarafli samanber reglugerð nr. 910 um velferð hrossa. Með málum með vogarafli (t.d. íslenskum stöngum) er nú einungis heimilt að nota enskan mál án skáreimar en sú reglubreyting var samþykkt á síðasta aðalfundi FEIF sem haldin var í byrjun febrúar á þessu ári.

2. Haldið verður áfram með heilbrigðisskoðanir á hrossum í kynbótasýningum eins og verið hefur. Þó kemur sú breyting til á þessu ári að allir áverkar, í munni og ágrip á fótum, verði stiguð í þrjá flokka í staðinn fyrir tvo. Þetta er gert til að fá skýrari mynd af alvarleika skráðra áverka. Nákvæma útlitun á þessari stígun má finna inn á heimasíðu RML – www.rml.is.
3. Ákveðið var að halda áfram skráningum á þeim beislabúnaði sem knapar nota í kynbótasýningum. Almenn skoðun fundarmanna að þetta væri áhugaverðar upplýsingar sem verðmætt væri að halda utan um en hugmyndir voru uppi um að leggja þessa skráningu niður.
4. Framtíð Gæðastýringar í hrossarækt var til umræðu. Á undanförunum árum hefur ekki verið mikil þátttaka í Gæðastýringunni og þátttakan hefur staðið í stað til fleiri ára. Um 15 bú á ári hafa tekið þátt í öllum atriðum Gæðastýringarinnar, sem snýr þá að skýrsluhaldi, umhirðu og heilbrigði gripa og vel skipulagðri landnýtingu. Var það almenn skoðun fundarmanna að hugsa þurfti Gæðastýringuna upp á nýtt, hvort einfalda mætti framkvæmd hennar og jafnvel að tilgangi Gæðastýringarinnar væri hægt að ná eftir öðrum leiðum. Var ekki endanleg niðurstaða fengin í málið að þessu sinni.
5. Útflutningur á sæði var til umræðu en fyrir Landbúnaðarráðuneytinu liggur umsókn frá sæðingarstöð hérlendis um starfsleyfi sem myndi opna á möguleikann á útflutningi á sæði. Um þetta spunnust umræður á fundinum en almennt var jákvætt viðhorf hjá fundarmönnum til þessara hugmynda. Fyrir liggur að taka þurfi reglugerð um sæðingar til endurskoðunar og mun fagråd fylgjast með þeirri vinnu.
6. Breytt tilhögun á skipan fagráðs í hrossarækt kom til umræðu en Bændasamtök Íslands hafa lagt til að fagråd í hrossarækt verði skipað eins og fagråd í öðrum búgreinum. Þá tilnefni búgreinafélagið þrjá fulltrúa og BÍ tvo fulltrúa en fagråd hafi frelsi til að kalla aðila frá fleiri hagsmunafélögum til fundar í hvert sinn.
7. Kynbótamatið var tekið til umræðu en fyrir liggur að leggja í ákveðnar breytingar á kynbótamatinu að fengnu samþykki fagráðs. Það snýr fyrst að hagnýtingu keppnisgagna en doktorsverkefni Elsu Albertsdóttur sýndi fram á að mögulegt er að meta kynbótagildi gripa fyrir keppnisárangri. Þá er raunhæft að taka tillit til forvals hrossa til kynbótadóms en mikilvægt er að hlutfall afkvæma sem koma til dóms endurspeglar eins og hægt er í metnu kynbótagildi gripanna. Að lokum er nauðsynlegt að endurskoða mat á kynbótagildi fyrir eiginleikann skeið í ljósi uppgötvunar á áhrifum skeiðgensins (DMRT3 gensins) á ganghæfni hrossa. Aðgerðaráætlun verður unnin til að meta þessar breytingar og hrinda þeim í framkvæmd.
8. Aðkoma kynbótahrossa að Landsmótum var tekin til umræðu og greint var frá vinnu starfshóps sem Félag hrossabænda myndaði og tók þetta málefni til skoðunar. Nauðsynlegt þykir að létta dagskrá mótanna og einnig að sá fjöldi kynbótahrossa sem vinnur sér þátttökurétt á mótinu sé betur í hendi til framtíðar. Í því augnamiði kom til umræðu að taka upp ákveðin fjölda í hvern flokk kynbótahrossa (sem getur verið mismunandi eftir flokkum) í stað einkunnalágmarka sem hafa undanfarið ár ákvarðað þátttökuréttinn.

9. Hvað varðar aukna upplýsingagjöf á kynbótasýningum var ákveðið að RML útbúi plaggat sem sett verði upp á þeim stöðum þar sem kynbótasýningar verða haldnar í sumar. Plagatið þarf að vera með greinargóðum upplýsingum um öll helstu atriði er varða sýningarnar s.s. lengd og merkingu brauta við hæfileikadóm, dómasprettfærið, uppstillingu hrossa í sköpulagsdómi og helstu reglum sem sýnendur og starfsfólk sýninganna þurfa að hafa í huga við vinnuna.

10. Önnur mál. Undir þessum lið var rædd um afhendingu hrossa í sláturhús. Félagi hrossabænda barst bréf frá aðildarfélagi sínu á Vesturlandi þar því var lýst að hægt sé að afhenda hross í sláturhús án þess að vera skráður eigandi þess. Þetta hafi valdið mistökum þar sem hross var afhent í sláturhús án vitundar og í óþökk eiganda. Þetta mál kallar á endurskoðun á framkvæmd sláturhúsa á móttöku hrossa og að undirskrifað umboð eiganda þurfi að liggja fyrir ef hross er afhent í sláturhús af öðrum en skráðum eiganda.

Fleira var ekki tekið fyrir
Fundi slitið klukkan 17:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson.